



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Chopin og Nielsen

28. maí 2015





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð timalengd verka:

Chopin: 40'

Nielsen: 35'

Tónleikarnir eru hluti af alþjóðlegri afmælishátíð en 150 ár eru liðin frá fæðingu Nielsens. Af því tilefni mun sjötta sinfónía Nielsens einnig hljóma á tónleikum hljómsveitarinnar í haust.

Mynd á kápu:

Páll Hannesson og Jóhannes Georgsson, bassaleikarar.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Chopin og Nielsen

Tónleikar í Eldborg 28. maí 2015 » 19:30

Pietari Inkinen hljómsveitarstjóri

Simon Trpčeski einleikari

Frédéric Chopin

Píanókonsert nr. 1 í e-moll (1830)

Allegro maestoso

Romance. Larghetto

Rondo. Vivace

Hlé

Carl Nielsen

Sinfónía nr. 5 (1920–1922)

Tempo giusto—Adagio non troppo

Allegro—Presto—Andante un poco tranquillo—Allegro

Pietari Inkinen

hljómsveitarstjóri



Finnski hljómsveitarstjórinn Pietari Inkinen er aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Nýja-Sjálands en tekur auk þess við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Prag í september á þessu ári. Einnig mun hann brátt taka við sem aðalstjórnandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Japan og er aðalstjórnandi Ludwigsburger Schlossfestspiele í Baden-Württemberg í Þýskalandi. Inkinen hefur oft stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands við góðar undirtektir, síðast í september í fyrra.

Inkinen hefur komið fram sem geststjórnandi með fjölmörgum hljómsveitum og má þar nefna Staatskapelle Dresden, Útvarpshljómsveitina í Bæjaralandi, La Scala í Mílanó, BBC Sinfóníuhljómsveitina, Sinfóníuhljómsveitina í Birmingham og Fílharmóníuhljómsveitina í Los Angeles.

Inkinen hefur starfað með heimsþekktum einleikurum á borð við Hilary Hahn, Jean-Yves Thibaudet, Pinchas Zukerman og Nikolaj Znaider. Hann hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda fyrir hljóðritanir sínar á sinfóníum Sibelíusar fyrir Naxos-útgáfufyrirtækið. Þá hefur hann látið til sín taka sem óperustjórnandi og nýlega fékk hann gagnrýnendaverðlaun fyrir túlkun sína á *Rínargulli* Wagners í Teatro Massimo í Palermo á Ítalíu.

Inkinen er fiðluleikari og nam hjá Zakhar Bron við tónlistarháskólann í Köln. Hann hefur komið fram sem einleikari með mörgum helstu hljómsveitum Finnlands og lék fiðlukonsert Sibelíusar með Fílharmóníuhljómsveitinni í Helsinki þegar þess var minnst að öld var liðin frá því að hljómsveitin flutti verkið í fyrsta sinn. Inkinen leikur einnig kammertónlist og hefur komið víða fram með Inkinen-tríóinu.

Simon Trpčeski

einleikari



Simon Trpčeski er fæddur í Makedóníu árið 1979. Hann hefur komið fram með mörgum fremstu hljómsveitum heims, til dæmis Lundúnasinfóníunni, Sinfóníuhljómsveitunum í Birmingham, Boston, San Francisco og Nýja-Sjálandi, Fílharmóníuhljómsveitunum í New York og Los Angeles, Concertgebouw og Rússnesku Þjóðarhljómsveitinni. Meðal stjórnenda sem hann hefur starfað með má nefna Vladimir Ashkenazy, Gustavo Dudamel, Charles Dutoit og Yan Pascal Tortelier. Þá hefur hann haldið einleikstónleika í New York, Lundúnum, París, Amsterdam, Mílanó og Tókýó.

Trpčeski hefur hlotið mikið lof fyrir hljóðritanir sínar fyrir EMI og Avie. Fyrsti hljómdiskur hans kom út árið 2002 og hlaut tvenn *Gramophone*-verðlaun. Í kjölfarið fylgdu diskar með verkum eftir Rakhmanínov (2005) og Chopin (2007), og tónleikar hans í Wigmore Hall 2012 og 2014 hafa einnig verið gefnir út á disk. Hann hefur auk þess hljóðritað píanókonserta Rakhmanínovs með Fílharmóníuhljómsveitinni í Liverpool og þeir diskar hafa hlotið verðlaun *Classic FM*, *Gramophone* og *Diapason d'Or*.

Trpčeski hefur hlotið ýmsar aðrar viðurkenningar, meðal annars verðlaun Konunglega Fílharmóníufélagsins í Lundúnum árið 2003. Árið 2011 var honum veitt nafnbótin „Þjóðarlistamaður lýðveldisins Makedóníu“ og er hann eini listamaðurinn sem hefur hlotnast sá heiður. Hann býr ásamt fjölskyldu sinni í Skopje.

Frédéric Chopin

Píanókonsert nr. 1



Frédéric Chopin (1810–1849) samdi einungis tvo píanókonserta og báðir eru æskuverk. Sá fyrri var saminn árið 1829 en ber yfirskriftina „nr. 2“ þar sem hann var gefinn út á prenti síðar en sá sem Chopin samdi sumarið 1830. Þótt konsertar Chopins njóti hylli tónlistarunnenda verður hið sama ekki sagt um gagnrýnendur sem hafa fundið þeim flest til foráttu; hljómsveitarkafarnir þykja óspennandi, samspilið við einleikarann ekki nógu dramatískt og þannig mætti lengi telja. Þó er hér vel að verki staðið fyrir tvítugan pilt, ekki síst þegar haft er í huga að Chopin hafði fáar fyrirmyndir að konsertum meðan hann bjó í Póllandi. Hann hafði til dæmis enn ekki kynnst konsertum Beethovens. Sem tónsmíðaform hafði píanókonsertinn heldur ekki átt neitt blómaskeið síðan Beethoven samdi *Keisarakonsert* sinn árið 1809. Enginn konsert saminn á þeim 20 árum sem liðu þar til Chopin hóf feril sinn hefur átt greiða leið á efnisskrá píanista um heiminn. Eitthvað hljóta því konsertar hans að hafa til síns ágætis þrátt fyrir allt.

Konsertinn „nr. 1“ í e-moll hljómaði opinberlega í fyrsta sinn á tónleikum Chopins í Þjóðleikhúsinu í Varsjá, 11. október 1830. Þá var hann um það bil að leggja af stað í tónleikaferð til Vínarborgar og átti ekki afturkvæmt til heimalands síns. Ferill Chopins tók óvænta stefnu; þar sem hann hélt sárasjaldan opinbera tónleika var engin þörf fyrir frekari konsertsmíðar. Eftir komu hans til Parísar haustið 1831 varði hann kröftum sínum í að semja smærri verk sem gætu nýst við kennslu og svonefnda *salon*-tónleika sem aristókratar stóðu fyrir í húsakynnum sínum.

Í París kynntist hann Aurore Dudevant sem var ein frægasta skáldkona Evrópu og gaf út bækur sínar undir dulnefninu George Sand. Hún var alræmd fyrir frjálslegan lifnað, hafði átt ótal elskhuga, klæddist síðbuxum eins og karlmaður og reykti vindlinga á almannafæri. Samband þeirra stóð í tæpan áratug og var á köflum stormasamt. Þó bjó skáldkonan honum örugga

Tónlistin á Íslandi

Sí hefur flutt píanókonsert Chopins nr. 1 alls tíu sinnum. Þar af lék Rögvaldur Sigurjónsson einleik fjórum sinnum: 1958, 1960, 1966 og 1972. Jórunn Viðar flutti konsertinn í Háskólabíói 1962, en síðast lék Víkingur Heiðar Ólafsson einleik á tónleikum Sí árið 2010.

tilveru og sumarmánuðum vörðu þau á óðali hennar skammt suður af París þar sem Chopin gat helgað sig tónsmíðum óáreittur.

Af tónskáldum „rómantísku“ kynslóðarinnar var Chopin einn um það að taka afstöðu með íhaldsöflum í stéttabaráttu 19. aldar. Hann reiddi sig á stuðning aðalsins og því var það honum síst í hag þegar bylting braust út í París í febrúar 1848. Barist var á götum úti og konunginum steipt af stóli, veröld aristókrata fór öll úr skorðum og píanótímar voru þeim ekki ofarlega í huga. Flestar aðalsfjölskyldur flýðu út fyrir borgarmúrana og Chopin stóð eftir tekjulaus. Hann hafði verið berklaveikur frá æsku og oft hafði heilsa hans staðið tæpt. Hann hélt fársjúkur í tónleikaferð til Englands og Skotlands sem dró úr honum allan mátt og lést úr tæringu í París ári síðar.

Þótt Chopin hafi búið yfir framúrskarandi tækni bera báðir konsertar hans ljóðrænan svip. Í fyrsta þætti konsertsins í e-moll hljóma tvö eftirminnileg stef, hið fyrra völdugt en hið síðara eins konar næturljóð. Chopin lagði ekki í vana sinn að gefa skáldlegar lýsingar á innihaldi verka sinna en um merkingu annars þáttar gaf hann vísbendingu í bréfi: „Hægi kaflinn í konsertinum mínum er rómansa, kyrrlát og full eftirsjár. Þetta er eins konar draumur í tunglskini á fögru vorkvöldi.“ Í lokaðættinum kveður við pólskan tón. Hrynur meginstefsins minnir á vinsælan þjóðdans, *krakowiak* sem ættaður er frá Kraká, og einleikarinn fær að spretta úr spori með glæsilegum tónarunum rétt eins og vera ber.



Carl Nielsen

Sinfónía nr. 5

Danska tónskáldið Carl Nielsen (1865–1931) var ásamt Sibeliusi mesta sinfóníuskáld Norðurlanda á 20. öld. Hann samdi sex sinfóníur sem eru merkt framlag til greinarinnar og í raun einstakar í sinni röð: dramatískar, glettnar, koma sífellt á óvart. Með fjórðu sinfóníu sinni tók Nielsen stórt stökk fram á við í stíl og sú fimmta – sem hljómar á tónleikunum í kvöld – tryggði enn frekar orðspor hans sem sinfóníuhöfundar. Nielsen hóf að semja fimmtu sinfóníu sína árið 1920 og hún var frumflutt undir hans stjórn í Kaupmannahöfn í janúar 1922. Hann sagði að inntakið væri „hið eina sem tónlistin getur í raun og veru tjáð“ – kyrrstæð öfl í fyrri þættinum og ágengari öfl í þeim síðari. Tónlistin er á köflum breið og glæsileg, stundum knúin áfram af kröftugum hendingum sem búa yfir einhvers konar ógn.

Fyrri sinfóníur Niensens höfðu verið í fjórum þáttum eins og hefðin bauð, en hér fór hann nýja slóð og skipti verkinu í aðeins tvo kafla. Hvor um sig skiptist í smærri þætti sem mynda innbyrðis andstæður. Fyrri kaflinn hefst með draumkenndum, flæðandi hendingum blásturshljóðfæranna, en andrúmsloftið verður ógnandi þegar sneriltromma bætist við. Skyndilega heyrst hægt og ljóðrænt stef, en þegar hápunkti er náð lætur sneriltromman aftur í sér heyra og lætur nærri að framvindan komist öll úr jafnvægi um stundarsakir. Nielsen biður slagverksleikarann um að spila frjállega, eins og hann hyggist „koma tónlist hinna hljóðfæranna út af sporinu“. Sumir hafa túlkað þessa sinfóníu sem eins konar „stríðssinfóníu“ enda var hún samin ekki löngu eftir að hörmungar fyrri heimsstyrjaldarinnar voru afstaðnar. Sjálfur kvaðst Nielsen þó ekki hafa haft slíkt í hyggju en bætti við: „Enginn okkar er samur eftir stríðið.“

Síðari kaflinn er ákafari, með tveimur fúguþáttum sem smám saman knýja fram glæsilegan hápunkt. Í heild má líta á sinfóníu Niensens sem áhrifamikið ævintýri, sem fer ýmsar óvæntar krókaleiðir en lýkur með tilþrifamiklum hætti.

Tónlistin á Íslandi

Fimmta sinfónían hefur hljómað fimm sinnum í flutningi Sinfóníuhljómsveitarinnar, fyrst árið 1962 undir stjórn Williams Strickland. Síðast stjórnaði Rumon Gamba henni í Háskólabíói árið 2009. Sinfónía nr. 2 var aftur á móti sú fyrsta sem SÍ lék, í Þjóðleikhúsinu 1958 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Fyrir utan smærri kórlög Niensens hljómaði tónlist hans fyrst á Íslandi haustið 1925. Þá var það ungverski fjölsunnillingurinn Emil Telmányi, sem einmitt var tengdasonur Niensens, sem flutti Forþpil, stef og tilbrigði fyrir einleiksfiðlu á tónleikum í Nýja bíói.

 @CarlNielsen2015

Árni Heimir Ingólfsson

Á döfinni

Sumarblær með Dvořák

Fim. 4. júní » 19:30

Upphafsværk þessara síðustu áskriftartónleika vetrarins er *Lér konungur* (*Grande ouverture du roi Lear*) glæsilegur forleikur sem Berlioz samdi í Nice á heimleið eftir frægðarför til Ítalíu þar sem hann hlaut hin virtu Prix de Rome verðlaun.

Einleiksverkið er *Poltroons in Paradise*, splunkunýr konsert fyrir ásláttarhljóðfæri eftir Stewart Copeland sem er fyrrverandi trommuleikari bresku rokkhljómsveitarinnar The Police og í dag virt tónskáld. Verkið hefur hlotið geysigóðar viðtökur og nýtur mikillar hylli meðal áheyrenda hvar sem það er flutt.

Melódíuflóð hinnar glaðlegu 6. sinfóníu Dvořáks setur endapunkturinn og fylgir tónleikagestum út í bjart sumarkvöldið.

Dúó Harpverk hefur starfað frá 2007 og er skipað tveimur sinfóníufélögum, þeim Katie Buckley hörpuleikara og Frank Aarnink slagverksleikara. Fyrir þau hafa íslensk og erlend tónskáld samið riflega 80 tónverk sem dúóið hefur flutt á tónleikum og tónlistarhátíðum innanlands og utan. Sólóraddirnar í slagverkskonsert Copelands eru sérstaklega umritaðar fyrir Dúó Harpverk.

Bandaríski hljómsveitarstjórinn Andrew Grams stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands nú í fyrsta sinn en hann hefur stjórnað mörgum þekktum hljómsveitum í þremur heimsálfum.

Hector Berlioz
Stewart Copeland
Antonín Dvořák

Lér konungur, forleikur
Poltroons in Paradise
Sinfónía nr. 6

Andrew Grams hljómsveitarstjóri
Dúó Harpverk einleikarar



Hljómsveit á tónleikum

28. maí 2015

1. FIÐLA

Sif Margrét Tulinius
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir
Lin Wei
Mark Reedman
Margrét Kristjánsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Greta Guðnadóttir

2. FIÐLA

Helga Þóra Björgvinsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Christian Diethard
Roland Hartwell
Ingrid Karlsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Ásdís Runólfssdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Júlía Mogensen
Hrafnkell Orri Egilsson
Steiney Sigurðardóttir

BASSI

Hávaður Tryggvason
Páll Hannesson
Jóhannes Georgsson
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Norma Brooks

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Margrét Ása Jóhannsdóttir nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Valgerður Árnadóttir umsjónarmaður



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðgurnar Inga Rós Ingólfssdóttir og Guðrún Hrund Harðardóttir eru samstíga í tónlistinni.

Guðrún Hrund: Maður hefur verið viðloðandi sveitina alla tíð. Í Háskólabíói fékk ég að vera í fatahenginu og hljóp svo inn á svið sem blómadama. **Inga Rós:** Einmitt, það veitti þér auðvitað innsýn í þennan heim mjög snemma. **Guðrún Hrund:** Já, þetta var dýrmætt.

Þekktar tónlistarfjölskyldur eru þó nokkrar í tónlistarsögunni, bæði þegar kemur að tónskáldum og flytjendum. Í því sem stundum er kallað sígild tónlist er Bach fjölskyldan án ef þekktasta dæmið en tónlist Johanns Sebastian Bach er reglulega að finna í efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Ef tónlistarfjölskyldur fyrirfinnast á Íslandi þá tilheyra þær Inga Rós Ingólfssdóttir og Guðrún Hrund Harðardóttir svo sannarlega einni slíkri og báðar þekkja þær vel til verka meistara Bach.

Þær mæðgur eiga strengina sameiginlega, strjúka strengi sellósins og víólunnar sem líkt og fæðmast bæði í tónhæð og hljómi. Í góðu sínfónísku tónverki er engin rödd mikilvægari en önnur og í bestu tónverkunum finnst hlustandanum jafnvel að ekki sé hægt að hnika til einum einasta tóni, svo fullkominn er tónheimurinn.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



Kvennatónleikar Sinfóníunnar

Baráttukonur og brautryðjendur

Fim. 11. júní » 19:30

100
ÁRA | KOSNINGARÉTTUR
KVENNA Á ÍSLANDI

Anna Þorvaldsdóttir *Dreymi*
Jórunn Viðar *Slátta, píanókoncert*
Amy Beach *Gelíska sínfónían*

Ligia Amadio *hljómssveitarstjóri*
Ástríður Alda Sigurðardóttir
einleikari

Sinfónían fagnar aldarafmæli kosningaréttar kvenna með sögulegum tónleikum þar sem baráttukonur og brautryðjendur verða í brennidepli. Jórunn Viðar er eitt af höfuðtónskáldum 20. aldar og Amy Beach var fyrsta bandaríska kventónskáldið sem átti miklum vinsældum að fagna heima fyrir og í Evrópu. Anna Þorvaldsdóttir

er í fremstu röð yngri tónskálda og hlaut meðal annars Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir verk sitt, Dreymi.

Einleikari á tónleikunum er Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari og stjórnandi er Ligia Amadio, aðalhljómssveitarstjóri Fílharmóníuhljómssveitar Bogotá í Kólumbíu.